

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 296. fundur

Föstudaginn 7. desember 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

### Mætt voru:

Björg Fenger (BF), Kristín Soffía Jónsdóttir (KSJ) varamaður í stjórn, Helga Ingólfssdóttir (HI), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Ásgeir Sveinsson (ÁS).

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁP), sviðsstjóri fjármála og rekstur sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar:

1. Akstursþjónusta fatlaðs fólks
2. Farþegatalningar 2018
3. Faghópur um leiðakerfismál
4. Auglýsingar á vögnum
5. Gjaldskrármál
6. Önnur mál

### Tekið fyrir:

#### 1. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Samningar við verktaka sem sjá um akstur í akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Kópavog renna út í lok árs 2019. Undanfarin misseri hefur verið í skoðun, undir forystu SSH, hvernig akstrinum og þjónustunni verði fyrir komið eftir að núverandi samningar renna út.

Reynir Kristinsson, ráðgjafi hjá NOR ehf. kynnti skýrslu sem hann vann fyrir SSH.

Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustu hjá Strætó, sat fundinn undir þessum lið.

#### 2. Farþegatalningar 2018

Valgerður Benediksdóttir sérfræðingur á skipulagssviði Strætó, fór yfir niðurstöður farþegatalninga 2018.

Farþegatalningarbúnaðar er nú í um 50% af vögnum sem eru í umferð á höfuðborgarsvæðinu, vögnum með talningarbúnaði er róterað á milli leiða svo tryggt sé að talið sé á öllum leiðum Strætó á höfuðborgarsvæðinu í hverjum mánuði.

Farþegafjöldi það sem af er ári 2018 er mjög sambærilegur við sama tíma 2017, gert er ráð fyrir að fjöldi innstiga 2018 verði um 11,7 milljónir.

#### 3. Faghópur um leiðakerfisbreytingar

Í skýrslu Mannvits og Strætó um eflingu almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu er að finna tillögu um að stofna þverfaglegan faghóp um leiðarkerfið. Hlutverk hópsins er að koma með tillögur að heildstæðu leiðarkerfi sem tekur tillit til uppbyggingar Borgarlínu og hámarksskilvirkni kerfisins.

Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Strætó falið að koma með tillögu að því hvernig faghópurinn verður skipaður í samstarfi við sveitarfélögin sem standa að Strætó. Gert er ráð fyrir að hópurinn sé skipaður fulltrúum hvers sveitarfélags, Vegagerðarinnar og fleiri fagaðilum á sviði samgangna.

#### 4. Auglýsingar á vögnum

Sviðsstjóri fjármála- og rekstrar kynnti niðurstöður úr athugun á því hvort fýsilegt væri fyrir Strætó að selja auglýsingar á vagna Strætó.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

## 5. Gjaldskrármál

Stjórn Strætó samþykkti nýja gjaldskrá Strætó, sem mun taka gildi 3. janúar 2019.

## 6. Önnur mál

- a) Erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, er varðar akstur um Hlíðahverfið í Reykjavík, dagsett 15.11.2018.

Stjórn felur Strætó að leggja fram umsögn um erindið

- b) Erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, er varðar alhliða þjónustumiðstöð fyrir stærri flutningsbíla ásamt skiptistöð fyrir almenningssamgöngur á mótum Vesturlandsvegur og Kjósarvegur, dagsett 19.11.2018.

Framkvæmdastjóri Strætó telur að framangreind hugmynd um þjónustumiðstöð muni ekki nýtast farþegum Strætó á höfuðborgarsvæðinu miðað við núverandi íbúabyggð.

Fundi slitið: kl. 13:00

### Fylgiskjöl:

- Erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, er varðar akstur um Hlíðahverfi í Reykjavík, dagsett 15.11.2018
- Erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, er varðar alhliða þjónustumiðstöð fyrir stærri flutningsbíla ásamt skiptistöð fyrir almenningssamgöngur dagsett 19.11.2018

\_\_\_\_\_  
Björg Fengler

\_\_\_\_\_  
Kristín Soffía Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Helga Ingólfssdóttir

\_\_\_\_\_  
Ásgeir Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Karen Halldórsdóttir

\_\_\_\_\_  
Sigrún Edda Jónsdóttir